

Föstudaginn 16. júní 1922.

Nr. 7/1922.

Ísak Bjarnason

(Pjetur Magnússon)

gegn

Sigurði Magnússyni

f h. kirkjustjórnar Íslands

(Enginn).

Ómerkingardómur. Landmerkjamál.

Dómur merkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. sept. 1921: Landamerki á milli kirkjujarðarinnar Vífilstaða í Garðahreppi annarvegur og jarðarinnar Fífuhvamms, áður Hvammkots, í Seltjarnarnesshreppi hinsvegar, skulu vera: Úr Dýjakrók sunnan Arnarnesslækjar beina línu í grasgróna þúfu (Hnoðra) á Hnoðraholti, þaðan beina línu yfir Leirdal í markastein í Vatnsendahvarfi suðvestanverðu.

Málkostnaður, samtals kr. 163,00, greiðist að helmingi af eiganda eða umráðanda kirkjujarðarinnar Vífilstaða, en að helmingi af eiganda jarðarinnar Fífuhvamms.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi hefir eigi mætt í hæstarjetti, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Málið hefir því verið rekið samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna, og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Málið er landamerkjamál og var dæmt í merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. seft. f. á. af sýslumanni og tilkvöddum meðdómsmönnum, en gjörðir merkjadómsins bera það eigi með sjer, að meðdómsmennirnir hafi unnið eið eða drengskaparheit áður en þeir leystu þetta dómstarf af hendi.

Það eru nú að vísu engin bein fyrirmæli um það í landamerkjalögum nr. 41, 28. nóv. 1919, eins og í hinum eldri landamerkjalögum frá 1882, að með-

dómsmenn í landamerkjamálum skuli vinna eið, en eiðtaka dómsmanna hefir frá fornu fari verið almenn regla í íslensku rjettarfari, enda sýna athugasemdir stjórnarinnar við 10. gr. frumvarps til fyrnefndra laga 28. nóv. 1919, að eigi hefir verið til þess ætlast að gjöra neina breytingu á hinum eldri lögum að öðru leyti en því, að drengskaparheit komi í stað eiðs, sbr. 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911. Hjer við bætist, að eiður er lögmæltur í líku tilfelli í 5. gr. laga nr. 35, 2. nóv. 1914.

Samkv. þessum almennu reglum löggjafarinnar ber að láta meðdómsmenn í landamerkjamálum vinna eið, áður en þeir taka til starfa, og þar sem það, eins og áður segir, sjest eigi í dómsgjörðunum að meðdómsmennirnir hafi unnið slíkan eið, verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp að nýju,

Upp í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum á að vera ómerk og vísast málinu heim til nýrrar og löglegrar meðferðar.

Stefndi, Sigurður Magnússon f. h. kirkjustjórnarinnar, greiði áfrýjanda, Ísak Bjarnasyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.
